

Leiðbeiningar fyrir akstur hópbifreiða

Sóttvarnaráðstafanir vegna COVID-19 sem taka gildi 31. október 2020

1. Almennt gildir í akstri hópbifreiða að ef ekki er hægt að virða **2 metra** nándarmörk og ferð varir lengur en í 30 mín. skulu bílstjóri og farþegar vera með andlitsgrímu. Börn fædd 2015 og síðar eru undanskilin grímunotkun.
2. Leiðbeinandi merkingar vegna COVID-19 frá sóttvarnalækni skulu vera við inngang í bifreiðinni (til útprentunar á [íslensku](#) og [ensku](#)).
3. Handspritt skal vera við inngang sem farþegar eiga að nota þegar þeir koma inn í bifreiðina.
4. Farþegar skulu ganga rólega með góðu millibili inn og út úr bifreið.
5. Farþegar skulu sitja dreift um bifreiðina. Þeir sem eru í nánum tengslum mega sitja saman.
6. **Ef verið er að nýta hópbifreið til að flytja farþega sem eru komnir í sóttkví gildir eftirfarandi:**
 - a. Hópbifreið má aðeins flytja helming þess fjölda farþega sem leyfi er gefið fyrir. (Hópbifreið með leyfi fyrir 40 farþega má flytja að hámarki 20 farþega o.s. frv.).
 - b. Öllum ber að vera með andlitsgrímu.

Dregið úr hættu á COVID-19 kórónuveiru smiti



- Gæta vel að hreinlæti, þvo hendur reglulega með sápu og nota handspritt. Forðast snertingu við augu, nef og munn.



- Hósta og hnerra í krepptan olnboga eða í pappír þegar um kvefeinkenni er að ræða.



- Forðist náð samneyti við einstaklinga með hósta og almenn kvefeinkenni.



- Sýna aðgát í umgengni við algenga snertifleti á fjöl-förnum stöðum, s.s. handrið, lyftuhappa, snertiskjái, greiðsluposa og hurðahúna.



- Heilsa frekar með brosi en handabandi eða faðmlagi.